

Mál nr. 15/2005

M

og

Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar Í

Vinnuslys þegar maður datt í skurð þegar skurðkantur gaf sig þ. 21.6.2002.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 17.1.2005.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 842/2004.
3. Bréf lögmanns M dags. 6.10.2004 ásamt fskj.1-12
4. Bréf V dags. 16.2.2005 ásamt fskj. 1-7

Málsatvik.

Lögmaður M lýsir málavöxtum þannig að M hafi orðið fyrir vinnuslysi þegar hann var við vinnu hjá Í við endurnýjun hitaveitu-og rafmagnslagna við hús í Reykjavík og hafi M dottið niður í skurð þegar skurðkantur gaf sig og meiðst illa þar sem að hann hafi borið fyrir sig hægri hendi og lent á hvösskum kanti á göngubrú yfir skurðinn en Í hafi látið bretta upp brúnirnar á göngubrúnunum til að ná burði í stálið og þannig hafi myndast hvassar brúnir og hafi Í þá gripið til þess ráðs að sneiða hornin af og þá hafi sárið orðið mun beittara. M ber í lögregluskýrslu að hann hafi runnið til og lent með vinstri fótinn aðeins ofan í skurðinn og borið fyrir sig hægri hendi og hún skolið á á brún göngubrúarinnar. Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins segir að göngulínan hafi verið of nálægt skurðbarminum og meðvirk orsök hafi verið að kanturinn á göngubrúnni hafi verið beittur og óvarinn. Verkstjóri M segir að M hafi misstigið sig og misst fótanna, bakkinn hafi ekki gefið sig. Verkstjórinn segir M hafa verið kunnugan staðhættum og unnið við að koma göngubrúum fyrir. Lögmaður M krefst bóta og bendir á umbúnaðinn á köntum á göngubrúnunum sem hafi verið óviðunandi. V hafnar bótaskyldu og segir að slysið verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi annarra starfsmanna Í ófullnægjandi persónuhlífa, öryggisráðstafana, vanbúnaðar eða annarra atvika eða aðstæðna sem vátryggingataki beri bótaábyrgð á. Birtuskilyrði hafi verið góð og allur aðbúnaður, skurðurinn hafi verið 70 cm. að dýpt og fallhætta því afar lítil og almennt lítil hætta fólgin í að ganga meðfram skurðinum. Þá telur V að umrædd brún göngubrúarinnar hafi almennt ekki hafa verið til þess fallna að valda slysaþættu við venjulega umferð um svæðið. Þá bendir V á að M hafi verið vanur vinnu sem þeirri sem um ræðir í máli þessu.

Álit.

M var nýorðinn 18 ára þegar slysið varð og vann í sumarvinnu hjá Í og skv. upplýsingum frá V hafði hann einnig gert það sumarið næst á undan. M mun hafa hafið störf í maímánuði sumarið 2002 og því starfað hjá Í um mánaðartíma þegar slysið varð. Fyrir liggur í málinu skv. skýrslu Vinnueftirlits ríkisins að göngulínan var of nálægt skurðbarminum og meðvirk orsök að kanturinn á göngubrúnni var beittur. M varð fyrir þeim áverka að fá stóran skurð á hægri framhandlegg. Þennan skurð fékk M vegna þess hvernig umbúnaði á göngubrúnunum var háttað. Sá frágangur sem að hafður var á kötnum göngubrúnna var óviðunandi og óeðlilegur og verður Í að bera alla ábyrgð á þeim frágangi. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu Í hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu Í hjá V.

Reykjavík 22.2.2005.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.